

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2025

2025/EES/38/43

frá 14. mars 2025

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2121 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132 að því er varðar breytingar, samruna og skiptingar yfir landamæri ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið ESB L 20, 24.1.2020, bls. 24.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32019 L 2121:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2121 frá 27. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 20, 24.1.2020, bls. 24.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2019/2121, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 20, 24.1.2020, bls. 24, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 1.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.